

Félag vöru- og iðnhönnuða vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna tillögu að hönnunarstefnu 2019-2027.

Félagið er hagsmunafélag starfandi vöru- og iðnhönnuða. Stjórn félagsins er ávallt til reiðu búin að eiga samtali við höfunda stefnunnar og aðstoða við gerð hennar ef eftir því er sóst.

Hönnunarstefna 2019-2027

1. Drögin að stefnunni virðast ekki nógu skýr, hún fullyrðir ákveðna hluti um hönnun á Íslandi án þess að gefa hugmyndir um hverju hönnun geti breytt.
 - Okkur finnst óljóst til hvers stefnan á höfða og hvaða tilgangi hún á að þjóna.
 - Inngangur fyrri stefnunnar var ýtarlegri og meira lýsandi fyrir hönnun en núverandi drög.
2. Ekki sést að það hefi verið lagt mat á árangur síðustu Hönnunarstefnu 2014-2018 nema að mjög takmörkuðu leyti.
 - Í kaflanum „Starfs- og stuðningskerfi“ í síðustu hönnunarstefnu er talað um að um að bæta samkeppnisaðstæður á sviði hönnunar, fara yfir regluverkið og skoða lög, brjóta ísinn með að styrkja ákveðin verkefni og hvetja til aukinnar fjárfestingar í hönnunarverkefnum. Félagið telur að þessa þætti vanti í nýja hönnunarstefnu og betur hefði mátt standa að mati á þessum efnisatriðum.
 - Í kaflanum „Vitundarvakning“ í síðustu hönnunarstefnu er talað um að sýna og kynna ávinning hönnunar, auka skilning hjá fyrirtækjum og stofnunum, fjölga innlendum og erlendum samstarfsverkefnum. Félagið telur að þessa þætti vanti í nýja hönnunarstefnu og betur hefði mátt standa að mati á þessum efnisatriðum.
 - Almennt telur félagið að taka hefði átt meira mark á fyrri stefnu í stað þess að byrja aftur á byrjunarreit. Í fyrri stefnu er snert á mörgum mikilvægum málefnum sem mættu halda sér í gerð nýrrar stefnu.
3. Félagið telur að mjög skorti að taka mið af starfsumhverfi hönnuða á Íslandi. Staða vöru- og iðnhönnuða er með þeim hætti að stærstur hluti þeirra er sjálfstætt starfandi. Í því ljósi er mikilvægt að í hönnunarstefnu sé því gefin gaumur. Ýmis atriði má þar tilgreina svo sem skattaumhverfi, smáframleiðsla, aðstöðu fyrir hönnuði og fleiri. Að því leiti virðist ekki vera skýr framkvæmdaráætlun í bígerð né skuldbinding stjórnvalda um að taka ákveðin skref til að ná árangri á því sviði.
 - Við teljum að í kaflanum „Starfs- og stuðningskerfi“ þurfi að tilgreina á hvaða hátt stuðlað sé að bættu starfsumhverfi fyrir smáframleiðslu og sjálfstætt starfandi hönnuði.
 - Meðal annars að skoða vandkvæði sem fylgja útflutningi og framleiðslu héraðs sem og erlendis, svo sem tollaumhverfi og fleira. Í starfi hönnuða getur framleiðsla erlendis verið óumflýjanleg og þess vegna nauðsynlegt að senda

sýnishorn af vörum eða eignum sem eru í boði erlendis. Eins er framleiðsla oft smásköluð og því getur verið mjög erfitt að keppa við framleiðslu erlendis. Við þessu þarf að bregðast svo hönnuðir flytji ekki allir af landi brott sem þegar er að verða raunin.

- Nauðsynlegt er að endurskoða skattaumhverfi sjálfstætt starfandi hönnuða og almennra réttindi þeirra. Félagið telur að skattaumhverfi þurfi að taka mið af lítilli framleiðslu og þeim vandkvæðum sem fylgja því að nota skattaumhverfi sem gildir jafnt um stóriðju og framleiðslu einstakra hönnunarhluta.
 - Félagið telur mikilvægt að stuðlað verði að nýtingu hönnunar á sviði hins opinbera og að stjórnvöld skuldbindi sig til nýtingar á hönnuðum í sínu starfi. Hönnuðir hafa fjölbreytt starfsvið og geta stuðlað að framförum á margvíslegum sviðum stjórnsýslu og verksviðum hins opinbera. Áhugavert væri að vita hversu mörg stöðugildi eru fyrir hönnuði á vegum stjórnvalda. Einnig er mikilvægt að stuðla að sterkara samstarfi stofnanna við ólíka hönnuði eins og Nýsköpunarmiðstöðvar, Matís og Íslandsstofu sem dæmi.
 - Fullyrt er í drögnum að hönnun hafi „jákvæð áhrif“ og „leysi úr læðingi kraft í atvinnulífinu“ til þess að svo megi verða er mikilvægt að stuðla að nýtingu hönnunar í atvinnulífi. Sem dæmi mætti framleiða kynningar- og fræðsluefni fyrir stjórnsýslu, stofnanir og fyrirtæki um þá möguleika sem hönnun býður uppá, hvernig nýta má starfskrafta hönnuða í verkefnum og hvaða kosti það hefði í för með sér heildrænt og hagrænt, meðal annars hvernig hún bætir samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Einnig mætti stuðla að þessu með átaksverkefni þar sem stjórnvöld myndi veita styrki til fyrirtækja sem hafa hug á að skoða hvort nýta megi hönnuði í sína starfsemi.
4. Í drögnum virðist vera lögð áhersla á að stuðningur við hönnun verði innifalinn í stuðning við nýsköpun auk stuðningskerfa fleiri sviða. Þó að félagið telji að það sé gott markmið vill félagið að lögð verði megináhersla á Hönnunarsjóð og fjármagn til hans verði aukið. Ástæður þess eru að í styrkja umhverfi nýsköpunar starfar fólk sem hefur takmarkaða eða enga þekkingu á hönnun, til þess að slíkir sjóðir styrki hönnuði er nauðsynlegt að þar starfi fólk með skilning á rannsóknarefnum og -aðferðum hönnuða. Það er þegar tryggt í Hönnunarsjóði og því eðlilegast, að okkar mati, að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu hans.

Mótun nýrrar Hönnunarstefnu 2019-2027

1. Verkefnið

- a. Félagið dregur í efa ákvörðun ráðuneytisins að fela Capacent að stýra ferli við mótun nýrrar hönnunarstefnu. Eðlilegt hefði verið að fá hagsmunaaðila að borðinu við upphaf ferlis og samráð hefði verið haft um hvernig væri unnið að stefnunni. (Bl. 2)
- b. Tekið er fram að viðtöl hafi farið fram en ekki gert grein fyrir því hvernig valið var í þann hóp hagsmunaaðila og ber það vott um ógegnsæi í ferlinu. Sem er einkar bagalegt í ljósi þess að niðurstöður eru byggðar að miklu leyti á þeim viðtölum. (Bl. 2)

2. Stöðumat

- a. Félagið dregur í efa að hægt sé að meta gengi síðustu stefnu með viðtölum og hópfundum. Í síðustu stefnu voru sett fram skýr markmið og eðlilegt að leggja mat á þau með mælanlegum hætti. (Bl. 3)
- b. Í kafla 2.2 er talað um að lagt hafi verið mat á framgang fyrri hönnunarstefnu með því að merkja þætti með orðunum jákvætt, neikvætt og óljóst. Það er þó með öllu óljóst til hvers þessi orð vísa og eðlilegt að þar fylgi einhverskonar útskýring eða meta þætti betur en með þrjúþátta skala. (Bl. 4)
- c. Taka má dæmi um þætti sem eru auðmælanlegir og ættu ekki að vera matsatriði viðmælenda höfunda. Taka má dæmi um þáttinn „Þróa rannsóknir á áhrifum hönnunar og möguleikum hennar“ þar hefði verið eðlilegt að skoða fjölda greina sem birtar hafa verið á Íslandi í tengslum við hönnun og arkitektúr og sjá með hvaða hætti það hefur breyst á milli ára. (Bl. 4)
- d. Talað er um að Listaháskóli Íslands starfi ekki samkvæmt hönnunarstefnu og það ekki útskýrt að neinu leyti. Er það mat félagsins að hér sé vegið að einni grunnstoð íslensk hönnunarsamfélags og mögulega þeirri einu stofnun sem vinnur markvist samkvæmt síðustu hönnunarstefnu. En Listaháskóli Íslands er líklega eini skóli landsins sem stundar rannsóknir á sviði hönnunar og hefur unnið markvist að tengslum hönnunar út í atvinnulífið og tengslum hönnunar við aðra háskóla. (Bl. 4)
- e. Talað er um að almenn sátt sé um starfsemi hönnunarsjóðs það er þó álit félagsins að umfang sjóðsins sé verulega takmarkað og styrkir verkefni einungis að mjög takmörkuðu leyti. Það er einungis fyrir ötulan starfsanda hönnuða að þeir þróa og vinna að sínum verkefnum. Félagið fagnar vissulega tilvist hönnunarsjóðs en hann er sporslusjóður sem leggur til upphæðir sem í flestum tilfellum rétt dugar fyrir efniskostnaði. Til þess að hönnunarsjóður þjóni sínum tilgangi þarf að auka verulega fjármagn til sjóðsins og ætti ráðuneytið að tilgreina hversu miklu þeir ætli að verja til verkefnisins. Eðlilegt mætti teljast að

styrkuppghæðir væru sambærilegar því sem Tækniþróunarsjóður úthlutar til verkefna eða á bilinu 10-25 milljón á ári. (Bl. 4)

- f. Talað er um að vitundarvakning hafi gengið vel og er þar tekið til Hönnunarmars, Design Talks og Hönnunarverðlaun. Það er mat félagsins að ofangreindir þættir hafi stuðlað að bættri en verulega takmarkaðri vakningu á hönnun og möguleikum hennar. Einnig telur félagið að tilgreina ætti stjórnvöld og stjórnsýslu sem stað þar sem vakning á möguleikum hönnunar þarf að ná lengra. (Bl. 5)
- g. Það er mat félagsins að ekki hafi tekist nægilega vel að víkka út skilning á hönnun og fyrirtæki hafi að mjög takmörkuðu leyti nýtt sér hönnun í sinni starfsemi. Benda má á að í könnun á vegum félags vöru- og iðnhönnuða voru einungis sjö sem störfuðu við hönnun hjá fyrirtækjum af alls 30 sem svöruðu þar að auki er einungis helmingur þeirra sem starfar alfarið við hönnun í sínu starfi. Bróðurpartur vöru- og iðnhönnuða á Íslandi er sjálfstætt starfandi og lýsir það að mati félagsins stöðunni. Það skortir verulega á þekkingu fyrirtækja á möguleikum hönnunar. (Bl. 5)
- h. Talað er um hönnunarupplifun og að hún hafi gengið vel. Meðlimum félagsins er það hulin ráðgáta hvað hönnunarupplifun er og hvort hún vísi þá til upplifun annara af hönnun eða hvort hér sé verið að vísa til upplifunar hönnunar. Talað er um að þessi svokalla hönnunarupplifun (í skilningnum upplifunarhönnun) hafi gengið vel og telur félagið svo ekki vera. Dauðsföll við Reynisfjöru og Þórsörk eru til marks um velgengi upplifunarhönnunar af íslensku vegakerfi sem dæmi. Auk þess eru örfá fyrirtæki sem hafa nýtt sér hönnuð við þróun á þeirri upplifun sem hlýst af þeirri þjónustu sem þeir bjóða. (Bl. 5)
- i. Félagið tekur undir þau sjónarmið að ekki hafi tekist að tryggja eftirfylgni og að síðasta stefna hafi ekki verið virkt stjórnþæki. Það er þó ekki skoðun félagsins að það sé vegna þess að stefnan gangi þvert á málaflokka enda eðli hönnunar að ganga þvert á málaflokka og nýtast í fjölbreyttum aðstæðum. Það verður að teljast með öllu ómögulegt að einskorða hönnun við færri málaflokka enda væri það mikil afturför innan fags sem er sífellt að stækka og tengjast fleiri starfsgreinum og rannsóknarsviðum. Félagið telur þessi viðhorf lýsa takmörkuðu innsæi höfundna á málaflokkinn sem skín í gegn á fleiri stöðum. (Bl. 6)
- j. Félagið tekur heilshugar undir ummæli sem koma fram á blaðsíðu 6 þar sem tekið er fram að í stefnunni hafi verið markmið og aðgerðir þar sem fjármagn vantaði til að fylgja þeim eftir. Félagið vill benda á að ekki er skýrt hvernig leyst verður úr þessum vanda og virðist sem svo að í stað þess að tilgreina fjármagn sem fylgi markmiðum stefnunnar að gera stefnuna óljósa og óræða þannig að markmið og aðgerðir vantar alfarið í stefnuna. (Bl. 6)
- k. Í liðnum „Staðan erlendis,, virðist eiga að draga saman stöðu mála í Skandínavíu, það er skammarlegt að lesa textann í þessum kafla og vonar félagið sem dæmi að hægt sé að draga meiri lærdóm af stöðu hönnunar í Noregi en sem nemur einni málsgrein. Það er mat félagsins að staða hönnunar í Skandínavíu sé mörgum skrefum framar en á Íslandi og því eðlilegt að fá upplýsingar og nýta tengsl okkar til þess að nýta þá vinnu sem þar hefur farið fram við gerð

hönnunarstefnu á Íslandi. En svo virðist sem höfundar hafi metið það svo að á því væri engin þörf og lauslega þýtt kynningartexta af heimasíðum Skandinavísku hönnunarfélagana og látið það duga sem kafla um stöðu hönnunar erlendis. Það verður að teljast léleg vinnubrögð. (Bl. 7)

3. Óþrjótandi möguleikar hönnunar

- a. Fyrir það fyrsta vill félagið koma á framfæri athugasemdum vegna 42 manna samráðsfundar, þar sem unnið var í fyrirsögnum fyrir ímyndað dagblað framtíðarinnar. Dregnar eru fram örfáar fyrirsagnir sem komu fram á þessum fundi og með engu ljóst með hvaða hætti þessar fyrirsagnir voru valdar. Við val höfunda á þessum fyrirsögnum virðist mest áhersla verið lögð á möguleg efnahagsáhrif hönnunar. Benda má á að í lið 3.1 þar sem greina átti möguleg áhrif hönnunar á samfélag og efnahagslíf að þar tengjast fjórar fyrirsagnir af sex efnahagslífi og þar að auki fjallar kafli 3.2 um möguleg áhrif á atvinnulíf. Það má lesa úr þessari vinnu að það hafi verið áhersluatriði höfunda að koma á framfæri viðskiptatækifærum tengdum hönnun og telur félagið að það sé mjög takmörkuð sýn á þá möguleika sem felast í hönnun. (Bl. 8)
- b. Eðli vinnunar á hópfunði er yfirborðskennt og vantar dýpt. Eflaust mætti ekki vænta annars úr slíkum hópfunði. Félagið vill benda að verulega vantar að greina sóknarfæri hönnunar á fjölbreyttum sviðum. Í ljósi þess að hönnun hefur verið virt að vettugi á mörgum sviðum telur félagið að leitast þurfi við að kanna sóknarfæri á fjölbreyttari forsendum en þeim sem hópfundurinn bauð uppá. (Bl. 8-9)

4. Hönnunarstefna 2019-2027

- a. Í lið A í atriðum sem lögð voru til grundvallar nýrrar stefnu kemur fram að bæta ofan á aukna vitund um hönnun og í lið C talað um aukna vitundarvakningu. Félagið vill benda á að tilgreina þurfi til hvers er vísað og hvar þessi vitundarvakning ætti að eiga sér stað. Það getur talist ágætis framför að almenningur hafi grófa hugmynd um hvað hönnun sé en slík vitund mun skila litlu til hönnunarsamfélagsins. Það er mat félagsins að greina þurfi hvar best væri að auka vitund á hönnun þannig að stuðla megi að uppbyggingu fagsins.
- b. Í lið B í atriðum sem lögð voru til grundvallar nýrrar stefnu kemur fram að hönnun nýtist til að búa til betra samfélag, jafnt á öllum sviðum atvinnulífsins til að auka verðmæti... félaginu finnst athugavert hversu mikil áhersla er lögð á efnahagslegt gildi hönnunar. Vissulega má auka verðmætasköpun með tilstilli hönnunar en það eru fjölmörg sóknarfæri önnur en efnahagsleg (dæmi: auka lýðræðisþátttöku, bæta upplifun af heilbrigðiskerfi enn meira). (Bl. 12)
- c. Í lið C í atriðum sem lögð voru til grundvallar nýrrar stefnu kemur fram að Hönnunarmiðstöð hafi þann megintilgang að auka vitundarvakningu. Félagið vill benda á að það ætti ekki að vera hluti af Hönnunarstefnu að tilgreina hlutverk Hönnunarmiðstöðvar. Hönnunarmiðstöð er í eigu fagfélaganna hvers formenn skipa stjórn. Þar eru teknar ákvarðanir um hlutverk miðstöðvarinnar og því í hæsta máta óeðlilegt að hönnunarstefna taki afstöðu til hlutverks hennar. Enda

fjölmörg áhersluatriði og markmið sem höfð eru að leiðarljósi í stefnu Hönnunarmiðstöðvar.(Bl. 12)

- d. Í lið G í atriðum sem lögð voru til grundvallar nýrrar stefnu kemur fram að gera þurfi stuðningskerfi nýsköpunar markvissara og leggja áherslu á hönnun innan þess. Félagið vill benda á að ekki þarf nauðsynlega að finna stuðningi við hönnun farveg innan nýsköpunar. Eðlilegast væri að stuðningur við greinina sé á hönnunarforsendum. Allt of lengi hafa skapandi greinar þurft að beygja sig undir formkröfur sem gerðar hafa verið utan um tækni- og viðskiptaþróun. Nauðsynlegt er að utanumhald verði á forsendum hönnunar.(Bl. 12)
- e. Í lið I í atriðum sem lögð voru til grundvallar nýrrar stefnu kemur fram að íslensk hönnun verði í forgangi við kaup á vörum og þjónustu. Félagið telur mjög óskýrt til hvers er vísað þegar talað er um þjónustu. Eðlilegra væri að hönnun yrði hluti af stefnumótun opinberra aðila. Hönnun hefur fram á margt að bjóða og má benda á ýmis atriði. Sem dæmi getur hönnun nýst við að auka þátttöku í lýðræði, hjálpað til við innra skipulag vinnustaða, í kynningarstarfi og fjölmörgum öðrum sviðum sem snýr að starfi opinberra aðila.(Bl. 12)
- f. Í lið K í atriðum sem lögð voru til grundvallar nýrrar stefnu kemur fram að horfið verði frá aðgerðadrifinni áætlun í ljósi skorts á fjármagni til þess að framkvæma þær aðgerðir. Félagið lýsir yfir mikilli óánægju með þá stefnubreytingu og virðist það vera til marks um uppgjöf að hálfu stjórnvalda. Eðlilegt væri að hið opinbera myndi tryggja þessum aðgerðum fjármagn í stað þess að hverfa frá þeim. Það má spyrja sig til hvers er verið að vinna að stefnu sem tilgreinir engar aðgerðir. Hönnuðum vantar markvissar aðgerðir og með þeim skapast fjölmörg tækifæri. Félagið biðlar til stjórnvalda að víkja frá þessari stefnu og vinna að raunhæfum og markvissum aðgerðum auk fjármagns til þeirra og styrkja þannig stoðir hönnunarsamfélagsins. (Bl. 12)
- g. Talað er um að hönnunarsjóður hafi vaxið og dafnað í lið 4.1 sem er grófleg mistúlkun á þróunn þess sjóðs. Eðlilegt væri að segja að Hönnunarsjóður sé starfshæfur og síðan taka fram nákvæmlega hversu mikið fjárveitingar til hans hafa aukist. (Bl. 13)
- h. Í lið 4.1 er oft tekið fram tengsl hönnunar við nýsköpun. Úr hönnun getur vissulega sprottið nýsköpun en félaginu finnst óeðlilegt að hönnun ætti að vera fléttuð inni það stuðningsumhverfi.
- i. Í lið 4.2 er farið yfir tillögur sem komu fram á samráðsfundi. Margar tillögur þar eru áhugaverðar en hvergi er tekið fram hvort eða hvernig unnið verði úr þessum tillögum.

5. Málefna svið fjármálaáætlunar

- a. Félaginu tekur undir með höfundum að finna þurfi fjármögnun hönnunarstefnu farveg innan fjármálaáætlunar. Félagið telur eðlilegast að til verði málefna svið innan fjármálaáætlunar sem fæst við hönnun. Hætt er við að hönnun mæti afgangi innan annara málefna sviða.

Fyrir hönd Félags- vöru og iðnhönnuða.

Formaður: Brynhildur Pálsdóttir

Varaformaður: Kristín María Sigbórsdóttir

Ritari: Búi Bjarmar Aðalsteinsson

Gjaldkeri: Eva Arnfríður Aradóttir

Aðrir stjórnarmenn: Ásgeir Matthíasson, Þórunn Hannesdóttir, Garðar Eyjólfsson, Inga Sól
Ingibjargardóttir og Anna Þórunn Hauksdóttir